

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Evu Sjöfn Helgadóttur um aðgerðaáætlun til að fækka sjálfsvígum.

1. *Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun til að fækka sjálfsvígum frá árinu 2018? Svar óskast sundurliðað eftir undirmarkmiðum.*

Frá árinu 2018 hefur verkefnastjóri verið starfandi hjá embætti landlæknis til þess að fylgja eftir aðgerðum áætlunarinnar. Aðgerðaáætlunin samanstendur af sex undirmarkmiðum og 54 aðgerðum. Ábyrgð á framkvæmd aðgerða er dreifð á fjölda ráðuneyta, stofnana og samtaka þar sem sjálfsvígsforvarnir eru í eðli sínu flóknar og flestar krefjast þverfaglegrar samvinnu og aðkomu margra. Í janúar 2022 er staða aðgerðaáætlunar til að fækka sjálfsvígum á Íslandi, sundurliðuð eftir undirmarkmiðum, eftirfarandi:

#### 1. Efling geðheilsu og seiglu í samfélaginu.

Undirmarkmið A: Að efla uppvaxtarskilyrði barna. Aðgerðin er í biðstöðu.

Undirmarkmið B: Að efla geðrækt og forvarnir í skólastarfi. Aðgerðir 1 og 2 eru í vinnslu en aðgerð 3 er í biðstöðu.

Undirmarkmið C: Að efla aðgengi að menntun. Báðar aðgerðir eru í vinnslu.

Undirmarkmið D: Að efla geðrækt og forvarnir á vinnustöðum. Báðar aðgerðir eru í vinnslu.

Undirmarkmið E: Að efla heilsueflandi samfélög á landsvísu. Aðgerðin er í vinnslu.

Undirmarkmið F: Að efla forvarnir á sviði áfengis og annarra vímuefna. Allar aðgerðirnar fjórar eru í vinnslu.

Undirmarkmið G: Að efla forvarnir á sviði ofbeldis og áfalla. Aðgerðirnar þrjár eru í biðstöðu.

#### 2. Gæðaðþjónusta á sviði geðheilbrigðis.

Undirmarkmið A: Að samþætta geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi. Aðgerð 1 er í vinnslu.

Undirmarkmið B: Að auka aðgengi að lágþröskuldaþjónustu í nærumhverfi. Aðgerð 1 er á bið en aðgerðum 2 og 3 er lokið.

Undirmarkmið C: Að efla 1. og 2. stigs geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og fullorðna.

Aðgerð 1 er í biðstöðu en aðgerðir 2–4 eru í vinnslu.

Undirmarkmið D: Að lágmarka bið eftir sérfræðiþjónustu og tryggja þjónustu á biðtíma. Aðgerð 1 er í vinnslu en aðgerð 2 er í bið.

Undirmarkmið E: Að efla meðferðarúræði vegna áfalla, ofbeldis, sjálfsskaða og sjálfsvígshættu. Aðgerðir 1 og 3 eru í vinnslu en aðgerð 2 er á bið.

Undirmarkmið F: Að efla þátttöku notenda og eftirlifenda. Báðar aðgerðir eru í vinnslu

#### 3. Takmörkun á aðgengi að hættulegum efnum, hlutum og aðstæðum.

Af sjö aðgerðum telst ein aðgerð fullkláruð þ.e. aðgerð 6, að tryggja öflugt eftirlit með lyfjaávisunum, m.a. í gegnum miðlægan lyfjagagnagrunn, til að koma í veg fyrir að einstaklingar fái ávísað of miklu magni lyfja og tryggja að fólk þurfi að sýna skilríki við móttöku lyfseðilsskyldra lyfja. Aðrar aðgerðir eru í vinnslu nema aðgerð 3 sem er í bið.

#### **4. Aðgerðum til að draga úr áhættu meðal sérstakra áhættuhópa.**

Í þessum undirflokk eru fjórar aðgerðir sem allar eru í biðstöðu.

#### **5. Stuðningur við eftirlifendur.**

Í þessum undirflokk eru þrjár aðgerðir. Aðgerð 1 er í vinnslu en aðgerðir 2 og 3 eru komnar til framkvæmda.

#### **6. Efling þekkingar á sviði sjálfsvíga og sjálfsvígsvörna.**

Undirmarkmið A: Að skapa fastan vettvang fyrir þekkingu og forvarnir. Aðgerðin er í biðstöðu.

Undirmarkmið B: Að safna áreiðanlegum upplýsingum um sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir. Báðar aðgerðirnar eru í biðstöðu.

Undirmarkmið C: Að stuðla að ábyrgri fjölmiðlaumfjöllun um sjálfsvíg og tengd málefni. Báðum aðgerðum er lokið.

Undirmarkmið D: Að efla þekkingu fagfólks í heilbrigðis-, félags- og menntakerfi. Aðgerðir 1 og 2 eru í vinnslu en aðgerðir 3 og 4 í bið.

#### *2. Hvaða fjármunum hefur verið varið til aðgerðaáætlunarinnar? Svar óskast sundurliðað eftir undirmarkmiðum og árum.*

Árið 2018 var aðgerðaáætlunin samþykkt og embætti landlæknis veittar 25 millj. kr. til að fylgja áætluninni eftir, 5 millj. kr. árið 2020 og 12. millj. kr. árið 2021. Einnig hefur heilbrigðisráðherra styrkt sjálfsvígsvörnar og stuðning og meðferð fyrir þá sem eru í sjálfsvígshættu með styrkjum til Píeta-samtakanna að upphæð 13 millj. kr. árið 2020 og 25 millj. kr. árið 2021.